

Ed.

657. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Frá 3. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Mál þetta var til afgreiðslu á fundi landbúnaðarnefndar, er ég var fjarverandi vegna veikinda. Meðnefndarmenn mínir urðu eigi ásáttir um málið. Vill form. (ÞÞ) samþykkja frv. með þeirri breytingu, að 2 þar til kvaddir óvilhallir menn kveði á um, hvort hætta verði á eyðingu lands vegna uppblásturs, ef umrædd landspilda yrði seld bóndanum í Nesi. Hinn nefndarmaðurinn (PZ) vill fella frv.

Ég hef nú kynnt mér mál þetta og gögn þau, sem fyrir hendi eru, svo og skoðanir meðnefndarmanna minna. Get ég hvorugum verið fyllilega sammála. Það kemur skýrlega fram í nefndaráliði fyrsta minni hluta (ÞÞ) á þskj. 595, að hann vill láta samþ. frv. til þess að Nesbóndinn fái aðgang að ágætri beitfjöru, sem nú er innan sandgræðslugirðingar og því engum til nytja. Telur hann þetta bersýnilega höfuðtilgang frv. og hyggur Nesbóndann munu þurfa að ganga á hústofn sinn, ef hann fái eigi aðgang að umræddri fjörubeit. Ég tel óþarft að ákveða söluheimild allrar þeirrar landspildu, sem um ræðir í 1. gr. frv., til þess að þessum höfuðtilgangi verði náð.

Ástæðulaust er að ætla Nesbóndanum það, að hann ágirnist land þetta vegna augnabliksávinninga, heldur mun hitt hjargföst trú hans, að hvorki því né öðru grónu landi stafi nokkur hætta af uppblæstri og sandfoki, þó umrædd landspilda sé eigi afgirt og friðuð. Hins vegar verður eigi fram hjá því gengið, að það er samhljóða álit sandgræðslustjóra og hreppsnefndar Selvogshrepps, að alvarleg hætta stafi af uppblæstri og sandfoki, ef umrædd landspilda væri af hendi látin og eigi friðuð fyrir ágangi og beit búfjár. Engin ástæða er til þess að ætla, að álit hinna tveggja tilkvöddu manna samkvæmt tillögu ÞÞ yrði annað. Væri þá þar með komið í veg fyrir, að höfuðtilgangi frv. að áliði fyrsta minni hluta (ÞÞ), þ. e. not Nesbóndans af fjörubeit innan girðingar, væri náð.

Annar minni hluti (PZ) tilfærir sem rök fyrir því að fella frv. áður greint álit sandgræðslustjóra og hreppsnefndar Selvogshrepps. Telur hann, að eigi komi til mála vegna augnabliksagnaðar eins búanda að tefla í hættu eða tvísýnu gróandi landi. Er ég honum þar sammála. Aftur á móti tel ég hægt hér án nokkurrar hættu á uppblæstri eða sandfoki að nytja umrædda fjörubeit. Það er tilgangur sandgræðslu sem og annarrar friðunar að auka gróður og verðmæti lands. Þetta ber ekki að gera á þann hátt að rýra notagildi annarra verðmæta landsins. Þar sem hér er um að ræða þriggja kílómetra langa ágæta beitfjöru, má það vera öllum ljóst, að geysiverðmæti fer forgörðum, ef hún er eigi nytjuð. Er þar hægt að ala fjölda sauðfjár með litilli hevgjöf eða fóðurhæti ásamt fjörubeitinni.

Ég vil því leggja til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja eiganda Ness í Selvogi fjörubeit þess hluta jarðarinnar, sem er eign ríkissjóðs, ásamt hæfilegu landi frá sjó, til þess að örugglega megi koma fyrir sandgræðslugirðingu frá núverandi vesturmörkum sandgræðslugirðingar til sjávar í Viðarhelli.

Með tilliti til þess, er segir í greinargerð flm. frv., að girðingin hafi verið sett vestar en samningar stóðu upphaflega til, þykir mér rétt, að kostnaður við breytingu á núverandi sandgræðslugirðingu greiðist að $\frac{2}{3}$ af ríkissjóði (Sandgræðslu Íslands), en $\frac{1}{3}$ af kaupanda. Viðhaldskostnaður greiðist í sömu hlutföllum.

Sandgræðslustjóri telur að visu í bréfi sínu 27. marz s. l. (sbr. þskj. 233) m. a. sem ástæðu þess, að umrædd landspilda var afgirt, að eigi hafi verið hægt að finna stað við Viðarhelli, sem gott væri að girða á, svo tryggt væri, að fé gengi eigi milli girðingar og sjávar, svo og að sjór gengi ekki á land í „stórbrimum“ og gæti skemmt girðinguna. Mér er tjáð, að háir klettar gangi þarna í sjó fram, svo að auðvelt muni að gera umrædda girðingu. Hygg ég einnig, að hin ástæðan, sem sandgræðslustjóri

tilfærir í fyrrgreindu bréfi sínu, þ. e. „að fá stór sandsvæði með hættulegu sandfoki fyrir tún og byggð í Selvogi“ inn fyrir girðinguna, muni hafa reynzt öllu veigameiri og þyngri á metunum. Þar sem hreppsnefnd Selvogshrepps og fjöldi íbúa hreppsins hefur sýnt lofsverðan áhuga fyrir sandgræðslu þar eystra, svo sem fram kemur í gögnum þessa máls, ætti að vera hægðarleikur að fá trúverðugan mann til þess að líta eftir girðingunni og lagfæra skemmdir, sem verða kynnu vegna „stórbrima“, sem tæplega verður gert ráð fyrir, að verði mjög oftlega.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eiganda Ness í Selvogi, fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur, beitifjöru þess hluta jarðarinnar, er ríkissjóður á, svo og hæfilegt land frá sjó til þess að örugglega megi koma fyrir sandgræðslugirðingu frá vesturmörkum núverandi sandgræðslugirðingar til sjávar í Viðarhelli. Kostnaður við breytingu girðingarinnar greiðist að $\frac{2}{3}$ af Sandgræðslu Íslands og að $\frac{1}{3}$ af kaupanda. Viðhaldskostnaður þessa hluta girðingarinnar greiðist í sömu hlutföllum.

Alþingi, 27. maí 1941.

Erl. Þorsteinsson.